

Meðgöngutrygging er samsett váttrygging fyrir barnshafandi konur á meðgöngu og við fæðingu. Tryggingin nær einnig til ungabarns eins og nánar greinir í skilmálanum. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	DÁNARBÆTUR	1
2. KAFLI	SJÚKRAHÚSLEGUTRYGGING	1
3. KAFLI	MEÐFÆDDIR SJÚKDÓMAR	1
4. KAFLI	MEÐGÖNGU- EÐA FÆÐINGARVANDAMÁL HJÁ MÓÐUR	2
5. KAFLI	ÁFALLAHJÁLP	2
6. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	3

Váttryggð er barnshafandi kona sem er tilgreind á váttryggingarskírteini. Lifandi fætt barn hennar eða börn, sé um fjölbura að ræða, er váttryggt vegna sjúkráhúslegu, meðfæddra sjúkdóma og dánarbóta en bætur vegna barnsins greiðast til móður.

1. KAFLI DÁNARBÆTUR

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur sem nema váttryggingarfjárhæðinni í formi eingreiðslu ef einhver eftirtalinna atburða á sér stað á váttryggingartímanum:

- Andlát móður.
- Andlát barns við fæðingu eða á fyrstu 30 dögum eftir fæðingu.
- Fósturlát eða andvana fæðing barns frá og með 17. viku.
- Þungunarrof, þar sem læknisfræðilegar ástæður liggja að baki því að binda þurfi enda á meðgöngu.

Ekki eru greiddar bætur vegna andláts barns sé bótaréttur fyrir hendi vegna meðfæddra sjúkdóma.

2. KAFLI SJÚKRAHÚSLEGUTRYGGING

2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur verði váttryggður lagður inn á sjúkrahús á gildistíma váttryggingarinnar vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss í tengslum við meðgöngu eða fæðingu. Engar bætur greiðast ef samfelld innlögn er skemmri en sá bíðtími sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini en annars greiðast bætur frá innlagnardegi þar til váttryggður er útskrifaður, þó að hámarki í þann dagafjölda sem tilgreindur er á váttryggingarskírteini.

3. KAFLI MEÐFÆDDIR SJÚKDÓMAR

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur sem nema váttryggingarfjárhæðinni í formi eingreiðslu ef váttryggt barn greinist með einhvern þeirra meðfæddu sjúkdóma sem tilgreindir eru í þessum kafla. Bætur greiðast aðeins einu sinni þótt um fleiri en eina sjúkdómsgreiningu sé að ræða. Skilyrði bótaréttar er í öllum tilvikum að sérfræðingur í barnasjúkdómum hafi staðfest greiningu sjúkdómsins innan árs frá fæðingu og að váttryggt barn sé á lífi 14 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist. Ef barnið deyr áður en greining hefur verið endanlega staðfest, eru aðeins greiddar dánarbætur.

4. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Eftirfarandi meðfæddu sjúkdómar og kvillar falla undir váttrygginguna, enda uppfylli þeir greiningarskilyrði viðkomandi ICD-kóða (International Classification of Diseases) samkvæmt flokkunarkerfi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

a. Hjartagallar

- Meðfæddir gallar í hjartahólfum (Q20).
Meðfæddir gallar í hjartaskilvegg. (Q21)
Meðfæddir gallar í lungna- og þríblöðkulokum. (Q22)
Meðfæddir gallar í ósæðar- og míturlokum. (Q23)
Aðrir meðfæddir gallar í hjarta. (Q24)
Meðfæddir gallar í stórum slagæðum. (Q25)
Meðfæddir gallar í stórum bláæðum. (Q26)

b. Gallar/afbrigði á vöðvum og beinakerfi

- Meðfæddur þindarhauill (Q79,0)
Haulnafli (Q79,2)
Kviðarklofi (Q79,3)

c. Blinda og alvarleg sjónsköddum

- Blinda á báðum augum (H54,0)
Blinda, annað auga og döpur sjón á hinu (H54,1)
Blinda á öðru auga (H54,4)

d. Heilalömun

- Heilastjarfaferlömum (G80)
- e. **Downs heilkenni**
Downs heilkenni Trisomy 21 (Q90)
- f. **Heyrnarleysi**
Leiðni og skyntaugaheyrnartap (H90)
Gallar/afbrigði á eyrum sem skerðir heyrn (Q16)
- g. **Klumbufætur sem þurfa gífs meðferð eða aðgerð**
Aðskeifur táfótur (Q66,0)
Aðskeifur hælftótur (Q66,1)
Fráskeifur hælftótur (Q66,4)
- h. **Holgóma og klofin vör**
Klofinn gómur eða holgómur (Q35)
Klofinn gómur eða holgómur með klofinni vör (Q37)
- i. **Klofinn hryggur**
Klofinn hryggur (Q05)
- j. **Vatnshöfuð**
Vatnshöfuð (Q03)
- k. **Gallar/lokanir/afbrigði á vélinda og barka**
Meðfæddar vanskapanir á vélinda (Q39)
- l. **Alvarlegir gallar/lokanir á gallvegum**
Meðfæddar vanskapanir á gallblöðru, gallrásum og lifur (Q44)
- m. **Alvarlegur súrefnisskortur**
Fæðingarköfnun eða súrefnaskortur í legi með viðvarandi lágt Apgar skor (0-3) eftir 5 mínútur. Barnið verður að hafa greinst með stig II eða III af HIE (hypoxisk-ischemic encephalopathy) sem samsvarar kóðum P20 og P21 í ICD-10 flokkunarkerfinu og þurfa innlögn á nýburadeild.

Sjaldgæfir sjúkdómar eða slys

Enda þótt meðfæddur sjúkdómur falli ekki undir þær greiningar sem að ofan greinir greiðir váttryggingin samt sem áður bætur vegna sjaldgæfra, lífshættulegra og arfgengra sjúkdóma hins váttryggða barns, vegna alvarlegs slyss á fósttri í móðurkviði eða á barni í fæðingu, ef tvö af neðangreindum skilyrðum eru uppfyllt:

1. Staðfest læknisfræðileg greining.
2. Sjúkdómurinn/slysið verður að fela í sér skertar lífslíkur og langvarandi umönnunarþörf.
3. Sjúkdómurinn/slysið verður að fela í sér líkamlegar eða líffræðilegar truflanir sem valda alvarlegri skerðingu á lífsgæðum og/eða færni.

4. KAFLI MEÐGÖNGU- EÐA FÆÐINGARVANDAMÁL

5. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur sem nema váttryggingarfjárhæðinni í formi eingreiðslu ef váttryggða konu hendir eitthvað af eftirtöldu á meðgöngu eða við fæðingu. Bætur greiðast aðeins einu sinni þótt upp komi fleiri en eitt bótaskýlt tilvik.

- a. **Meðgöngueitrun.**
Greining verður að samsvara kóða O14 eða O15 í ICD-10 flokkunarkerfinu og staðfest af sérfræðingi.
- b. **Bráður keisaraskurður.**
Læknisfræðilegar upplýsingar frá fæðingardeild þurfa að liggja fyrir sem staðfesta að bráður keisaraskurður hafi verið framkvæmdur í tengslum við fæðingu og að hætta hafi verið á fósturnauð eða ef móðir er lífshættu sjálf. Hér er átt við það sem fæðingardeildir merkja sem rauðan eða bjöllu keisaraskurð.
- c. **Alvarleg spangarrífa**
Með alvarlegri rífu er átt við 3. og 4. stigs spangarrífu, sem unnt er að staðfesta með heilsufarsupplýsingum frá fæðingardeild.
- d. **Legnám í kjölfar fæðingar sem telst bein afleiðing af þungun eða fæðingu.**
- e. **Alvarlegt slys á móður á meðgöngu sem leiðir til ótímaberrar fæðingar.**
- f. **Blóðtappi í lungu**

Það er skilyrði fyrir bótarétti að staðfesting læknis á sjúkdómsgreiningu liggi fyrir. Ef váttryggða deyr á meðan á fæðingu stendur eða vegna fylgikvilla út frá fæðingunni eru aðeins greiddar dánarbætur.

5. KAFLI ÁFALLAHJÁLPI

6. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir útlagðan kostnað allt að váttryggingarfjárhæðinni við meðferð váttryggðs hjá sálfræðingi eða geðlækni, sem nauðsynlegur er til þess að meðhöndla þau einkenni sem beinlínis verða rakin til bótaskylds atburðar úr

meðgöngutryggingunni, enda sé kostnaðurinn ekki umfram það sem tíðkast hjá sambærilegum meðferðaraðilum á Íslandi. Eigi váttryggður rétt til greiðsluþátttöku frá hinu opinbera vegna meðferðarinnar kemur hún til frádráttar greiðslu félagsins.

7. gr. **Tímatakmörk**

Meðferðarkostnaður er aðeins greiddur ef meðferðin hefst innan 12 mánaða frá hinum bótaskylda atburði og að hámarki í 6 mánuði frá upphafi meðferðar.

6. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

8. gr. **Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

9. gr. **Undanþágur**

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóma eða kvilla barnshafandi konu eða fósturs sem komið hafa í ljós fyrir gildistöku váttryggingarinnar, svo sem við lækni skoðun, ómskoðun eða aðra fósturgreiningu.
- Sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/proskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessa sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi. Á þetta bæði við um móður, fóstur og barn.
- Sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða annarra kvilla sem að einhverju leyti er að rekja til neyslu áfengis, lyfja eða vímuefna.
- Sjúkdóma eða slysa sem eiga rót sína að rekja til fegrunar- eða lýtaaðgerða á meðgöngu.
- Afleiðinga slysa er verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi og fallhlífartökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.

10. gr. **Gildistími**

Váttryggingin er skammtímatrygging sem barnshafandi konu býðst að kaupa fyrir upphaf 32. viku meðgöngu og fellur sjálfkrafa úr gildi 1 mánuði eftir áætlaðan fæðingardag. Engar bætur greiðast vegna atvika sem eiga sér stað eftir að váttryggingin fellur úr gildi nema annað komi fram í skilmála þessum. Ábyrgð félagsins hefst aldrei fyrr en við upphaf 17. viku meðgöngu samkvæmt mæðraskrá óháð því hvenær samningur um hana komst á.

11. gr. **Varúðarreglur**

Váttryggðum ber að fylgja ráðleggingum lækna og hjúkrunarfólks á meðgöngu.

Skilmálar þessir gilda frá 19.06.2025.